



Sjálfsmatsskýrsla Marbakka 2023

Skólaárið 2022 til 2023 endurmetið

Inngangur

Í haust gekk treglega að ráða starfsfólk til starfa í leikskóla á höfuðborgarsvæðinu. Það hafði meðal annars þau áhrif á starfsemi Marbakka að börn sem voru á flutningi úr Marbakka í lengdust og aðlögun nýrra barna dróst bæði vegna þess og það vantaði starfsfólk í Marbakka. Það tókst ekki að fullmanna fyrr en í janúar 2023 en þá urðu nemendur fyrst 99 eins og gert hafði verið ráð fyrir. Í vetur kom það fyrir að skerða þurfti viðveru barnanna í Marbakka vegna óvenju mikilla forfalla starfsmanna vegna veikinda og spurning hvort afleiðingar Covid hafi enn haft áhrif á heilsu starfsmanna.

Mikilvægur þáttur í leikskólastarfi er að meta starfið með kerfisbundum hætti og bregðast við með umbótaverkefnum þegar vísendingar eru um að þess sé þörf. Til að skólustarf sé í þróun þarf það stöðugt að vera í þróun og umbótaverkefni mikilvægur liður svo það megi vera.

Í þessari skýrslu er tekið saman það sjálfsmat sem fór fram í Marbakka skólaárið 2022 til 2023. Matsáætlun skólaársins var fylgt eftir að mestu leiti og gagnaöflun höfð sem fjölbreyttust. Gagna var aflað hjá börnum, foreldrum og starfsfólki leikskólans. Má þar nefna viðhorfskönnun meðal foreldra, markvissar umræður starfsfólks um starfið, foreldraviðtöl, starfsmannasamtöl og viðhorfskönnun meðal barna fæddum 2017. Allt eru þetta dæmi um gögn sem notuð eru við gerð mats- og umbótaáætlana. Starfið var einnig metið jöfnum höndum á starfsmannafundum, deildafundum, deildastjórafundum og á fundum lausnateymis leikskólans. Sjálfsmat Marbakka er umbótamiðað og niðurstöður þess settar fram opinberlega á heimasíðu leikskólans.

Skýrsluna tók saman Alda Agnes, leikskólastjóri. Alda Agnes og Steinunn aðstoðarleikskólastjóri unnu samantektir úr sérhverjum matsþætti, Unnur Ólöf sérkennslustjóri lagði mat á sérkennsluna í vetur en aðrir í stjórnendateymi leikskólans rýndu í niðurstöður viðhorfskannana, lásu yfir sjálfsmatskýrsluna og komu með ábendingar.

Efnisyfirlit

Inngangur	2
Efnisyfirlit.....	3
Umbótalistinn fyrir skólaárið 2022-2023 yfirfarin.....	4
Samantekt á svörum starfsmanna við endurmatsspurningum vor 2023.....	8
Viðhorfskönnun um undirbúning og faglegt samtal vor 2023	8
Viðhorfskönnun meðal foreldra febrúar 2023 - samantekt.....	9
Viðhorfskönnun meðal barna fædd 2017.	9
Endurmat sérkennslunnar.....	10
Símenntunaráætlun endurmetin.	10
Matsáætlun endurmetin.	11
Samantekt	12
Samantekt umbótaverkefna fyrir skólaárið 2023-2024	12

Umbótalistinn fyrir skólaárið 2022-2023 yfirfarin.

- Aðkoma foreldra í matsteymi rædd með foreldraráðinu í nóvember og aðkoman skipulögð. Hvaða þætti og með hvaða hætti þeir óska eftir að koma að mati fyrir utan mat og yfirlestur á starfsáætlun og leikskóladagatali.

Leiðir: Haldinn fundur með foreldraráði í nóvember.

Tölvupóstur sendur á foreldraráðið í janúar þar sem foreldraráðið er spurt um með hvaða hætti það sér fyrir sér að foreldrar eða foreldraráðið komi að endurmati. Engin viðbrögð komu við póstinum. Reynt var að boða foreldraráðið til fundar í lok maí 2023 en enginn fulltrúi sá sér fært að mæta.

- Áfram skal leitað leiða við að gera upplýsingastreymi milli starfsmanna skilmerkilegt og aðgengilegt öllum starfsmönnum auk þess að efla þá í að vita hvar upplýsingarnar liggja.

Leiðir: Listað upp hvar tregða er í upplýsingamiðlun og hvar starfsmenn geta nálgast upplýsingar

Þegar lista átti upp hvenær tregða væri í upplýsingamiðlun virtist upplýsingastreymið vera þegar komið í ágætt horf. Workplace hefur verið virkjað frá því í haust og 8:50 fundir hófust í febrúar, deildastjórafundagerðir alltaf settar inn á workplace og fundirnir alltaf á mánudögum og haldnir í kaffistofunni kl. 9:10 og búnir kl. 10:00. Í starfsmannasamtölunum febrúar/mars kom fram almenn ánægja á upplýsingamiðlun en einn og einn benti á að alltaf væri hægt að bæta hana. Almenn má bæta viðbrögð starfsmanna við innleggjum á Workplace.

- Unnið skal enn frekar að sjálfbærni í leikskólanum með auknu samtali við börnin um til dæmis soun og orðið sjálfbærni. Innkaup skulu skoðuð út frá sjálfbærni og umhverfisvernd.

Leiðir: Aðstoðarleikskólastjóri er þátttakandi í Erasmus+ verkefni skólaskrifstofu Kópavogs sem hverfist um sjálfbærni og mun koma með fræðslu tengda sjálfbærni sem skal nýtt til að styrkja starfsfólk til að ræða við börn um sjálfbærni og soun. Einnig að færa innkaup sem gerð eru fyrir skólann átt að sjálfbærni.

Í viðhorfskönnun með 2017 árgangansins voru börnin spurð um hvað þeim þætti um að henda mat og hvort þau þekktu orðið sjálfbærni. Ekkert þeirra þekkti orðið sjálfbærni en öllum fannst slæmt að henda mat. Fjórir af þeim ellefu sem svöruðu könnuninni komu með útskýringar af hverju það væri slæmt. Einn sagði að það væri ekki til nógu matur handa öllum, annar sagði að það ætti ekki að sóa matnum og betra væri gefa öðrum hann en að henda honum, þriðji sagði að ef ekki væri nógur matur þá þyrfti að kaupa mat í útlöndum og sá fjórði sagði að það þyrfti að fara vel með mat. Í tvígang í vetur er búið að vigta mat frá borðum í matstofu til að börnin fá tilfinningu fyrir því hversu miklu er hent af mat og til að skapa umræðugrundvöll um sjálfbærni og matarsoun.

- Endurheimta skal gæðaróspor Marbakka sem framúrskarandi Reggio Emilia leikskóli.

Leiðir: Setja fréttir um starf í Marbakka sem er dæmigert starf í anda Reggio Emilia á samfélagsmiðla tvisvar til þrisvar á önn. Kynnum starf Marbakka fyrir foreldra í gegnum uppeldsfræðilegar skráningar reglulega yfir skólaárið. Starfsmenn taka þátt í kynningum þegar færi gefst til vekja athygli á frábæru starfi Marbakka.

Faghópur skipandi starf kom í heimsókn þann 17. janúar 2023 þar sem starf Marbakka var kynnt. Allar deildir hafa sent heim skráningar með reglulegum hætti og Unnur He. hefur sett frétti frá Marbakka með 4 til 6 vikna millibili inn á facebooksíðuna „Leikur og leikskólastarf“. Stjórnendur voru með kynningu á sjálfmati Marbakka á Menntafléttunámskeiði sem þeir tóku þátt í. Í viðhorfskönnun meðal foreldra kemur fram ánægja foreldra með starf leikskólans og í foreldraviðtölum skynjum við vaxandi ánægju með starfið.

- Styrkja lýðræðislegt samstarf og virkja mannauð í Marbakka í gegnum leiðtogahlutverk starfsmanna í anda lærdómssamfélags.

Leiðir: Við endurskoðun á skólanámskrá Marbakka verður lýðræði, jafnrétti og mannréttindi krufið og í tengslum við það lærir starfsfólk saman um lýðræðislega samvinnu tengt fræðslu um lærdómssamfélag frá síðasta skólaári.

Á skipulagsdegi í maí voru kaflarnir í um lýðræði, jafnrétti og mannréttindi krufin í sal leikskólans með þátttöku allrar starfsmanna. Í viðhorfskönnun meðal starfsmanna í maí 2023 var spurt um samvinnu, lýðræði og stjórnunarhætti og í niðurstöðum má greina bættan árangur en enn eru sóknarfæri sér í lagi þegar kemur að samvinnu í öllu húsinu og að valdeflingu starfsmanna á deildum.

Leiðir: Aðstoðar-, leikskóla- og sérkennslustjóri sækja sér fræðslu hjá menntafléttunni til að styrkja stjórnendur til að leið lýðræðislegt skólastarf.

Aðstoðar-, leikskóla- og sérkennslustjóri sóttu sér fræðslu hjá menntafléttunni til að styrkja sig við að leiða lýðræðislegt skólastarf. Vísendingar komu fram í viðhorfskönnun meðal starfsmanna í maí 2023 að þokast hafi í rétta átt varðandi lýðræðislega stjórnunarhætti.

- Stuðla að tímum fyrir faglega umræðu.

Leiðir: Skipuleggja undirbúningstíma með þeim hætti að faghópsumræður geti myndast.

Spurt var um þetta í viðhorfskönnun til allra starfsmanna sem eru með undirbúningstíma samkvæmt kjarasamningi. Undirbúningstíminn gæti nýst betur í faglegt samtal ef fólk sem er í undirbúningi á sama tíma væri meira til samtal. Ljóst er að það vilja allir aukna umræðu um fagleg málefni og telja að það leiði til aukinnar starfsánægju.

- Fræða starfsmenn um einelti, forvarnir og viðbrögð.

Leiðir: Koma með fræðslu á starfsmannafundi haust 2022 um einelti.

Gert.

- Gera feril um viðbrögð við einelti betur sýnilegan öllum.

Leiðir: Prenta út ferilinn og setja á töflu í kaffistofu og birta á workplace

Gert.

- Aðstoðarleikskóla-, leikskóla- og sérkennslustjóri þróa samstarf sitt til lýðræðislegra stjórnunarháttanna í anda lærdómssamfélagsins.

Leiðir: Aðstoðarleikskóla-, leikskóla- og sérkennslustjóri sækja menntafléttunámskeið um forystu um nám og styðjandi menningu á vinnustaðnum.

Aðstoðar-, leikskóla- og sérkennslustjóri sóttu sér fræðslu hjá menntafléttunni til að styrkja sig við að leiða lýðræðislegt skólastarf.

- Umgjörð samveru- og söngstunda ígrunduð.

Leiðir: Fræðsla um lestur í leikskóla á starfsmannafundi haust 2022. Fagnaðarfundir settir í fast skipulag. Fræðsla um söngstundir í leikskóla á starfsmannafundi haust 2022.

Fagnaðarfundir voru settir í fast skipulag. Fræðsla var á haustönn um samveru og söngstundir. Í viðhorfskönnun meðal starfsmanna í maí var spurt um árangur og margir sem tóku þátt í fræðslunni sögðust nýta sér fræðsluna en það kom líka fram hjá sumum að það reyndi ekki á það þar sem þeir sæju aldrei um samverustundir það væru deildarstjórar eða kennarar sem tækju það að sér.

- Frjálsi leikurinn bæði úti og inni verður tekinn til umfjöllunar meðal starfsmanna og tækifæri sem gefast fyrir frjálsan leik með lausan efnivið ígrunduð með hlutverk starfsmanna sem útgangspunktur.

Leiðir: Umræða um hlutverk hins fullorðna og frjálsa leiksins tekin á starfsmannafundi haust 2022 og tækifæri lauss efniviðar skoðuð sérstaklega í því samhengi.

Tímarammi: Haust 2023.

Jafningafræðsla í formi umræðna undir stjórn leikskólastjóra, aðstoðarleikskólastjóra og sérkennslustjóra á skipulagsdegi í nóvember. Umræðuefni var meðal annars um frjálsan leik og opinn efnivið.

- Setja upp árs skipulag hvenær börnunum er boðið upp á sætmeti eða pylsur í leikskólanum. Ábyrgðaraðili: Leikskólastjóri.

Leiðir: Gerður er listi.

Gert

- Styrkja matráð og starfsmenn leikskólans í kringum grænkeru fæði í þeim tilgangi að daglega verðir á boðstólum fjölbreytt grænkeru fæði fyrir börn foreldra sem það kjósa.

Ábyrgðaraðili: Leikskólastjóri.

Leiðir: Leikskólastjóri og matráður fara á námskeið í gerð grænkeru fæðis. Fræðsla til starfsmanna um hvernig grænkerum skal mætt í leikskólum Kópavogs.

Leikskólastjóri fór á námskeið að hausti í eldun á fæði fyrir grænkerar og matráður á vorönn. Kópavogsbær hefur ekki gefið út að elda skuli sér fyrir grænkerar og því eru börn sem eru grænkerar að koma með nesti þrátt fyrir námskeiðshaldið.

- Ákveða með hvaða hætti spjaldtölvur eru notaðar í leikskólastarfinu með börnunum og útbúa fræðslutexta til rökstuðnings fyrir foreldra og starfsmenn.
Leiðir: Spjaldtölvunefnd sett á laggirnar sem kemur með tillögur til starfsmanna með hvaða hætti spjaldtölvur eru notaðar í leikskólastarfinu með börnunum. Spjaldtölvunefndin setur saman fræðslutexta fyrir foreldra og starfsmenn með rökstuðningi fyrir notkuninni.

Gert. Fræðslutexti og rökstuðningur er að finna á heimasíðu Marbakka.

- Funda með foreldrafélaginu og fara yfir samstarfið og þær uppákomur sem foreldrafélagið stendur fyrir sér í lagi þar sem aðkoma foreldra er í boði.

Gert. Haustfundur í foreldrafélaginu var 25. ágúst 2022. Gígja sat fundinn og farið var yfir samstarfið og þær uppákomur sem foreldrafélagið stefndi á á skólaárinu.

- Endurskoða þær upplýsingar sem foreldrar fá á haustin um starf komandi skólaárs þannig þær byggja ekki upp væntingar hjá foreldrum sem standast ekki.
Leiðir: í október í kringum kynningarfund leikskólans fyrir foreldra verða teknar saman glærugögn um starf hvernig deilda sem foreldrar fá í tölvupósti. Upplýsingar endurskoðaðar frá fyrri árum. Auk þess skal sérstök hlutverk elstu barnanna í Marbakka tekin saman í viðburðar dagatal og sent á foreldra þessara barna.

Viðburðardagatal fyrir börn í elsta árgangi gert í október 2022 og sent á foreldra. Haldinn var foreldrafundur í sal leikskólans í október með almennum upplýsingum um leikskólastarf komandi skólaárs. Stefnt var á að hausti að tölvupóstur frá deildum komi reglulega til foreldra sem eiga að tengja foreldra við starfið á leikskólanum og upplýsa um þau viðfangsefni sem börnin fást við daglega og tókst það nokkuð vel.

- Hver deild kemur sér upp verkfæri sem tengir leikskólann við heimilin hvort sem það er með skráningum, í gengum vinnu með Lubba eða hvað annað.
Leiðir: Hver deild ákveður á deildarfundum að hausti hvernig áætlað er að tengja heimilin við leikskólann á markvissan hátt.

Ákveðið var að hausti hjá öllum deildum að prófa að láta uppeldisfræðilegar skráningar sem sendar eru til foreldra einu sinni til tvisvar í mánuði vera það sem tengir heimilin við leikskólans. Foreldrar hvattir til að skoða með börnum sínum skráningarnar og reyna að ræða hvað þau gera í leikskólanum í gegnum það. Allar deildir gátu sent slíkar skráningar að jafnaði einu sinni til tvisvar í mánuði.

- Leitað verður svara við þeim spurningum sem upp hafa komið í tengslum við persónugreinanlegar myndir af leikskólabörnum s.s. með hvaða hætti má nota þær til upplýsingamiðlunar og hvar er heimilt að að geyma þær í skýjalausnum?

Ábyrgðaraðili: Leikskólastjóri.

Leiðir: Leikskólastjóri mun fá svör við þeim álitafnum sem enn eru í tengslum við persónugreinanleg gögn og upplýsingamiðlun sem og geymslulausnir fyrir persónugreinanleg gögn.

Erfiðlega gengur að fá skýr svör varðandi birtingar og geymslu á persónugreinanlegum gögnum.

Leikskólastjóri lagði þetta verkefni til hliðar en hvetur til sem minnstrar persónugreinanlegar gagnöflunar og leggur áherslu á að myndir á þeim skráningum sem geymdar eru í skýjalausnum séu ekki persónugreinanlegar.

- Þær leiðir sem eru í boði fyrir foreldra til að koma erindum á framfæri við leikskólann verða skýrðar og kynntar fyrir þeim.
Leiðir: Tekið skal saman í lista hvaða leiðir foreldrar geta farið til að koma á framfæri erindum sínum og kynnt vel fyrir foreldrum.

Gert. Upplýsingar settar á heimasíðuna og foreldrar fræddir um það á kynningarfundum sem var í lok október.

- Aukin áhersla skal lögð á að bjóða foreldra velkomna inn í leikskólann og að þeir fylgi barninu sínu til starfsmanns í upphafi dags og starfsmaður sé kvaddur þegar barnið er sótt.

Leiðir: Hvatning stjórnenda til starfsmanna og foreldra á fundum, í daglegum samskiptum og tölvupóstum.

Það hefur náðst árangur. Bæði leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri hafa verið á ferðinni þegar tekið er á móti og börnin kvödd. Almenn er þetta í góðu horfi í leikskólanum en það kom í ljós þegar þetta datt niður á einni deildinni í vetur hversu fljótt foreldrar verða óöruggir og ósáttir.

- Gera tiltekt í holukubbum skemmtilega fyrir börnin og leikinn eftirsóknaverðan.

Ábyrgðaraðili: Aðstoðarleikskólastjóri.

Leiðir: Haldið skal kubbanámskeið fyrir starfsmenn og gera skal gott skipulag í kringum tiltekt á holukubbum og einingakubbum. Endurskoða ítarefni með kubbum.

Jafningafræðsla í formi umræðna undir stjórn leikskólastjóra, aðstoðarleikskólastjóra og sérkennslustjóra var á skipulagsdegi í nóvember. Aðstoðarleikskólastjóri stýrði umræðuefni holukubba, einingakubba, tiltekt á þeim og opinn efnivið. Í kjölfarið hefur frágangur kubba verið létt mál og í viðhorfskönnun meðal 2017 árgangsins kom fram að 75% barnanna fannst mjög gaman í holukubbum.

- Hafa markvissar lestrarstundir fyrir börnin og framhaldssögulestur fyrir þau elstu með það fyrir augum að börnin hafi ánægju af.

Ábyrgðaraðili: Aðstoðarleikskólastjóri.

Leiðir: Fræðsla til starfsmanna um mikilvægi lesturs, utanaðkomandi aðili fenginn til að halda fyrirlestur á starfsmannafundi um lestur í leikskóla.

Fræðslan fór fram á starfsmannafundi að hausti. Rannveig frá Austurkór hélt mjög skemmtilega fræðslu og almennt gengur lestur bóka eða sögustundir vel í leikskólanum. Flestir starfsmenn taka þátt í að lesa fyrir börn en misjafnt hvort það er í stórum samverustundum eða hópnum er skipt í minni samverustundir. Eitthvað var um að starfsmenn fái ekki að spreyta sig í lesa fyrir börnin í samverustundum.

- Ræða skal við börnin um orðið sjálfbærni og taka umræðu um sóun sérstaklega fyrir.

Ábyrgðaraðili: Aðstoðarleikskólastjóri.

Leiðir: Aðstoðarleikskólastjóri er þátttakandi í Erasmus+ verkefni skólaskrifstofu Kópavogs sem hverfist um sjálfbærni og mun koma með fræðslu tengda sjálfbærni sem skal nýtt til að styrkja starfsfólk til að ræða við börn um sjálfbærni og sóun. Kaupa vigt svo börnin sjálf geta vigtað þann mat sem fer til spillist af diskunum þeirra þegar þau klára ekki matinn.

Rætt var um sjálfbærni í tengslum við endurskoðun skólanámskráarinnar á starfsmannafundi í haust 2022. Vigtir voru keyptar og matur vigtaður tvisvar eftir áramót. Rætt var um sóun og hversu slæmt það er að henda mat en umræða sjálfbærni náði ekki til barnanna alla vega kom það fram í viðhorfskönnun meðal 2017 barnanna að ekkert barnanna þekkti orðið sjálfbærni. Öll börnin voru meðvitum um að það væri ekki gott að henda mat.

- Starfsmenn sem sinna stuðningi tilheyra deild sérkennslunnar þar sem sérkennslustjóri er deildarstjóri.

Leiðir: Sérkennslustjóri heldur utan um starfsmenn sérkennslunnar, heldur reglulega deildarfundi með þeim og deilir verkefnum til þeirra ef stuðningsbörnin sem þeir sinna samkvæmt skipulagi eru fjarverandi.

Þetta var sett í skipulag, nokkur árangur náðist en halda mætti fleiri og reglulegri fundi.

Samantekt á svörum starfsmanna við endurmatsspurningum vor 2023

- Endurmat á samverustundum í Marbakka.

Samkvæmt svörum starfsfólks Marbakka við endurmatsspurningum um samverustundir þá er helst sungið, lesið, sagðar sögur, farið yfir máhljóð vikunnar, spjallað, dagskrá dagsins rædd og veðrið skoðað í samverustundum. Meirihluti starfsfólks hefur stjórnað samverustund en það kemur fram að það er misoft, sumir mjög oft og aðrir stundum. Einhverjir hafa aldrei stjórnað samverustund og taka fram að það sé hlutverk annarra á deildinni. Margir undirbúa samverustundina. Undirbúningurinn felst helst í því að finna til bækur, sögur og lög sem nota á í stundinni. Aðrir segja að þeir undirbúi lítið sem ekkert og ástæðan er að það á/er ekki undirbúningstími fyrir það. Sumstaðar er börnunum skipt í hópa í samverustundum og þá skipt eftir úthaldi og getu en annarsstaðar eru öll börnin saman. Flestir lesa bækur frekar en að segja sögur, en einhverjir segja sögur eða lesa eftir myndum ef textinn er flókinn. Það er sungið í samverustundum í Marbakka, margir hafa lög á spjöldum sem börnin geta dregið, aðrir ákveða fyrirfram hvað er sungið. Þulur hafa ekki verðið áberandi, sumir tala um að hafa kennt eina til tvær í vetur aðrir ekkert. Flestir tala um að kunna ekki margar þulur.

Boðið var uppá námskeið í haust um samverustundir og segja margir að þeir nýti það sem var kennt þar í samverustundum á deildunum. Einhverjir segjast nýta skipulagið, aðrir hvernig þeir segja sögur eftir myndum frekar enn að lesa, vera búin að kynna sér bækurnar áður en þær eru notaðar í samverustundinni og hafa alltaf sama upphaf og endi á stundinni. Starfsfólki finnst það þurfa helst að fá tíma til undirbúnings og skipulags til að styrkja sig í samverustundum sem og tækifæri til að vera með samverustund.

- Endurmat á stjórnun, lýðræði og samvinnu.

Starfsfólk Marbakka gefur stjórnun leikskólans sem einkennist af lýðræði einkunn á bilinu 4-10 en að meðaltali er einkunnin 7,75. Upplifun af því hvernig tekið er í tillögur sem starfsfólk hefur lagt fram varðandi starfið er misjöfn. Hluti starfsfólks upplifir að það sé tekið mark á því og þeirra hugmyndum en aðrir segjast hafa gefist uppá að koma með hugmyndir og tillögur þar sem það hefur ekki verið hlustað á þær. Aðrir segjast ekki hafa komið fram með tillögur, eru enn að finna sig í starfinu og læra á það. Samvinna innan deilda gengur almennt vel í sambandi við daglegt starf og flestir svara að það sé ágæt samvinna á milli deilda og þá helst í útveru og að hjálpa þegar vantar fólk á aðrar deildir.

Tekið saman af Steinunni úr spurningum sem lagðar voru fyrir starfsfólk á skipulagsdegi 19. maí 2023

Viðhorfskönnun um undirbúning og faglegt samtal vor 2023

Viðhorfskönnun var framkvæmt í maí 2023 meðal þeirra sem eru með undirbúningstíma samkvæmt kjarasamningi. Flestir sem þátt tóku í könnuninni nefna að þátttaka þeirra í faglegum umræðum sé á deildarstjórafundum, skipulagsdögum, í undirbúningstímum og öðrum fundum eftir vinnutíma, á kaffistofunni, inn á deild í dagsins önn, á skrifstofu stjórnenda og á göngunum. Einn sagðist hafa reynt að taka upp faglega umræðu á deildarfundum með rýrum árangri. Nefnd var þátttaka í faglegum umræðum á kynningum s.s. hjá nemum eða öðrum utanaðkomandi sem kæmu inn í leikskólann með erindi. Starfsmenn sem hafa lesið greinar tengt starfi og námi hafa reynt að segja frá til að koma af stað umræðu. Margir sögðust hafa startað faglegri umræðu um ákveðin málefni og nefnd voru dæmi um matstofuna, matarmenningu í húsinu, hvernig viljum við vera sem leikskóli, hópastærð, að setja börnum skýrari mörk, hópastærð og viðbrögð við krefjandi hegðun barna. Í niðurstöðunum kemur fram að það má ennþá auka faglegt samtal í leikskólanum og bent á að fagfundir/handleiðslufundir deildarstjóra hefðu gefist vel þegar þeir voru við líði. Allir sammála um að það verður skemmtilegra að vinna þegar fagleg umræða er mikil, hvetur mann áfram og eykur árangur í starfinu. Misjafnt var á milli deilda hversu fagleg umræða væri ríkjandi á deildarfundum og í daglegu starfi. - Tekið saman af Öldu Agnesi

Viðhorfskönnun meðal foreldra febrúar 2023 - samantekt

Skólapúlsinn gerði viðhorfskönnun meðal foreldra í febrúar 2023 og var svarhlutfallið 79,5% en könnunin telst marktæk ef svörun fer yfir 70%. Fyrir tveimur árum var gerð sambærileg viðhorfskönnun meðal foreldra og í flestum tilfellum höfum við bætt okkur verulega frá þeirri könnun enda var sú könnun gerð í miðju covid fárinu. Þrátt fyrir það þá erum við slök á ýmsum þáttum miðað við niðurstöður á landsvísu.

Einn þátt er mikilvægt að bæta enn frekar en það eru samskipti við foreldra. Upplýsingamiðlum til þeirra er ábótavant á sumum deildum. Heimasíða leikskólans fær falleinkunn en líklega skýrist það að stórum hluta af þeirri ákvörðun að breyta síðunni og hafa hana eingöngu sem upplýsingasíðu og ekki hafa fréttir á henni af daglegu starfi. Einnig að draga verulega úr myndbirtingum á heimasíðunni þar sem fleiri og fleiri eru farnir að óska eftir að persónugreinanlegar myndir af sér og sínum séu ekki á heimasíðum sem þessum.

Hluti foreldra telja sig ekki þekkja stefnu og námskrá leikskólans og var það mjög misjafnt eftir deildum. Foreldrar á þeim deildum sem eru duglegar að vísa í starfsaðferðir Marbakka og skólanámskrána þekku mun betur stefnu og námskrá Marbakka. Viðhorfskönnunin gefur einnig vísbendingar um að við þurfum að endurskoða leikskólabyrjun barnanna með áherslu á að auka samtal starfsmanna við foreldrana á aðlögunartímanum og ræða um leikskólastarfið.

Viðhorfskönnun meðal barna fædd 2017.

Gerð var viðhorfskönnun meðal elstu barnanna í júní 2023. Þau voru spurð að eftirfarandi:

Hvernig líður þér í matstofnunni?

Hvað fannst þér um það þegar maturinn var allur á brúna litla borðinu í miðjunni og þú sóttir þér mat þangað?

Hvað fannst þér þegar við hættum að hafa matinn á borðinu í miðjunni og settum hann við borðið sem þú situr við?

Þekkir þú orðið „sjálfbærni“

Hvað finnst þér um að henda mat?

Hvernig finnst þér að leika í holukubbunum?

Þessar spurningar voru ákveðnar út frá umbótalista sem settur var fram í starfsáætlun fyrir skólaárið 2022 til 2023. Þar var lagt til um að ákveðnar umbætur yrðu metnar í viðhorfskönnun meðal elstu barnanna. Það svöruðu 12 börn af þeim 15 sem voru í elsta árganginum spurningunum. Öll sögðu þau að þeim liði vel í matstofnunni, átta fannst betra að hafa matinn á borðinu þar sem þau sitja við en fjórum fannst betra að sækja sér mat á litla brúna borðið í miðjunni. Ekkert barnanna þekkti orðið sjálfbærni, þau höfðu ekki hugmynd um hvað það merkti. Öllum fannst slæmt að henda mat en það voru bara fjögur börn sem gátu gefið skýringu á því af hverju þeim fannst það slæmt. Þremur börnum fannst ekki gaman í holukubbunum en níu börnum fannst það skemmtilegt.

Endurmat sérkennslunnar.

Sérkennslustjóri tók saman þetta endurmat júní 2023.

Fimm kennarar komu að sérkennslu barna í 1 og 2 flokki en úthlutað var vegna þeirra 2,5% stöðuhlutfalli. Skólinn hefur einnig yfir að ráða 1,25% stöðuhlutfalli vegna barna í 3 og 4 flokki og hefur hluta af því verið skipt á deildir skólans í vetur og því í umsjá hvernar deildar að sinna þeim börnum sem falla undir þau viðmið. Stærstur hluti sérkennslu fer fram í daglegu starfi en að auki eru vinnustundir þar sem unnið er með einstaklinga eða fámenna hópa. Einstaklingsnámskrár voru gerðar fyrir börn í 2. flokki en einfaldari áætlanir fyrir börn í 3ja og 4. flokki. Að hausti var sett í skipulag að sérkennarar funduðu á tveggja vikna fresti til samráðs. Ekki náðist að halda skipulagi en fundað var um það bil mánaðarlega.

Símenntunaráætlun endurmetin.

Hverjir?	Innihald	Fór fram já eða nei
Deildafundir	Upplýsingagjöf, fræðsla og fleira	Já
Námskeið	Fræðsla um grænkeru- fæði	Já
Námskeið menntafléttunnar til að styrkja stjórnendur til að leiða lýðræðislegt skólustarf	Styrkja stjórnendur til að leiða lýðræðislegt skólustarf	Já
Starfsmannasamtöl	Til að gefa starfsmanninum tækifæri til að skoða sjálfan sig í stafi og að gefa þeim tækifæri til að koma með ábendingar til stjórnenda um starf leikskólans	Já
Nýliðafræðsla	Farið yfir starfsmannahandbókina	Já
Samráð, fræðsla, endurmat	Yfirfara starfsáætlun, stefnur og öryggisþætti	Já
Skipulagsdagur 2. jan. unnin af sér 4 tímar í október	Fræðsla um einelti, forvarnir og viðbrögð.	Já
Skipulagsdagur 2. jan unnin af sér í 4 tímar í nóvember	Fræðsla um söngstundir í leikskóla.	Já
Skipulagsdagur	Jafningafræðsla um frjálsan leik	Já
Skipulagsdagur	Kubbanámskeið	Já
Uppbygging lærdómssamfélags með áherslu á teymisvinnu	Handleiðsluhópar með utanaðkomandi fræðslu	Já
Deildastjórafundir	Skapa umræður um starfið og samstilling stjórnendateymis og endurmat.	Já
Skipulagsdagar	Endurmat á skólaárinu, ýmsir matslistar unnir og sumarstarf skipulagt	Já

Einn starfsmaður sótti nýliðanámskeið fyrir starfsfólk leikskóla á vegum Kópavogsbæjar.

Einn starfsmaður sótti vikunámskeið í Glasgow, Leikur, réttur barnsins og möguleikar.

Öryggisvörður Marbakka fór á námskeið hjá Vinnumálastofnum ætlað trúnaðarmönnum og öryggisvörðum.

Stjórnendur tóku þátt í Þróunarverkefni sem styrkt var af Kópavogsbæ sem laut að því að efla þá í lærdómssamfélagi og teymisvinnu. Verkefni stóð yfir allt skólaárið blanda af utanað komandi fræðslu og jafningjafræðslu. Að hluta til komu allir starfsmenn inn í fræðsluna.

Matsáætlun endurmetin.

Matsáætlun vegna skólaársins 2022 – 2023:

- Uppeldisfræðilegar skráningar gerðar jafnt og þétt yfir skólaárið 2022-2023. **Gert.**
- Starfið metið jöfnum höndum yfir skólaárið á deildarstjóra-, deilda-, lausnateymis- og starfsmannafundum. **Gert.**
- Starfsmannasamtöl febrúar/mars 2022 **Gert.**
- Viðhorfskönnun meðal foreldra verður gerð í mars 2023 (af Skólapúlsinum) **Gerð í febrúar.**
- Umbótaáætlun yfirfarin af stjórnendum í júní 2023 **Gert.**
- Viðhorfskönnun elstu barnanna verður gerð í maí 2023 **Gert.**
- Endurmatsfundur með foreldraráði leikskólans verður í maí 2023. **Ekki gert, reynt en foreldráðið hafið ekki tök á að mæta á fund.**
- Viðhorfskönnun meðal starfsmanna í maí 2023, spurt verður meðal annars um: samvinnu, lýðræði og stjórnunarhætti og samveru- og söngstundir. **Gert.**

Matsþættir	2022-2023	Gagnaöflun
Stjórnun		
Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi	x	Viðhorfskönnun meðal starfsmanna vor 2023 og starfsmanna vor 2023.
Stjórnun skólans og daglegur rekstur	x	Viðhorfskönnun meðal foreldra febrúar 2023 og starfsmanna vor 2023.
Leikskólaþróun og símenntun	x	Starfsþróunarsamtöl jan., feb., símenntunaráætlun endurmetin vor 2023
Skólanámskrá, starfsáætlun, áætlanir og verklagsreglur	x	Unnið að endurmati á skólanámskrá með öllu starfsfólki 2x yfir skólaárið teknir fyrir kaflar. Farið yfir starfsáætlun að hausti, og í aðrar áætlanir, feril um viðbrögð við einelti og ofbeldi og öryggisáætlun á starfamannafundum á skólaárinu.
Uppeldis- og menntastarf		
Skipulag náms og námsaðstæður	x	Viðhorfskönnun meðal foreldra feb. 2023
Uppeldi, menntun og starfshættir	x	Viðhorfskönnun meðal foreldra feb. 2023, starfsmannasamtöl og viðhorfskönnun meðal starfsmanna vor 2023.
Leikur og nám – lýðræði, jafnrétti og þátttaka	x	Tekið fyrir á starfsmannafundi og viðhorfskönnun meðal foreldra feb. 2023
Námssvið leikskólans	x	Tekið fyrir á starfsmannafundum
Mat á námi og velferð barna	x	Viðhorfskönnun meðal foreldra feb. 2023, foreldraviðtöl þar sem deildarstjóri og foreldrar ræða og meta nám og velferð sérhvers barns.
Leikskólabragur		
Viðmót og menning	x	Viðhorfskönnun meðal foreldra feb. 2023
Velferð og líðan barna	x	Viðhorfskönnun meðal foreldra feb. 2023
Þátttaka foreldra í leikskólastarfi	x	Viðhorfskönnun meðal foreldra feb. 2023
Viðhorf foreldra	x	Viðhorfskönnun meðal foreldra feb. 2023

Samantekt

Í þessari skýrslu er tekið saman það sjálfsmat sem fram fór á skólaárinu 2022 til 2023. Viðhorfskönnun meðal foreldra var gerð af ytri aðilum sem nýttist til innra mats en að öðru leiti byggðist sjálfsmatið á fjölbreyttri gagnaöflun innan leikskólans og unnið samkvæmt matsáætlun. Mikilvægur tilgangur sjálfmats er að setja fram umbætur þegar matið sýnir að ástæða sé til að viðhalda eða bæta þætti sem metnir voru. Hér á eftir eru listuð upp þau umbótaverkefni sem fyrirhugað er að fara í á næsta starfsári.

Samantekt umbótaverkefna fyrir skólaárið 2023-2024

- Styðja við foreldraráð leikskólans.

Leiðir: Funda með foreldraráðinu á haustönn 2023 til að ræða þeirra óskir um aðkomu og hlutverk við leikskólastarfið.

Ábyrgð: Leikskólastjóri

Tímarammi: Haustönn 2023

Mat: Matið þegar farið er yfir umbótalistann vor 2024.

- Virkja workplace enn frekar meðal starfsmanna og leggja áherslu á allir starfsmenn séu virkir.

Leiðir: Stjórnendur sjá til þess að allt nýtt starfsfólk komist sem fyrst í workplace hópinn. Fylgst verður með því hverjir sjá færslur sem settar eru þar inn og starfsfólk hvatt til að setja inn innlegg eða athugasemdir.

Ábyrgð: Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri.

Tímarammi: Allt skólaárið.

Mat: Spurt í viðhorfskönnun að vori meðal starfsmanna hvernig þeir nýta workplace.

- Auka faglegar umræður í Marbakka.

Leiðir: Fjölga fagfundum í Marbakka. Koma á laggirnar faghópsumræðum með þátttöku allra starfsmanna sem starfa á deildum.

Ábyrgð: Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri

Tímarammi: Október 2023

Mat: Matið í viðhorfskönnun meðal starfsmanna og þegar farið er yfir umbótalistann vor 2023.

- Leggja áherslu á að miðla til foreldra innihaldi skólanámskrárinnar

Leiðir: Kynna starfsaðferðir Marbakka í fréttapóstunum sem deildir senda til foreldra. Vera með fræðslu um starfsaðferðir Marbakka á foreldrafundi í október.

Ábyrgð: Aðstoðarleikskólastjóri.

Tímarammi: Allt skólaárið í fréttapóstum og á foreldrafundi í október.

Mat: Skoða fréttapóstana og hvort fræðslan fór fram á foreldrafundi.

- Eiga meira samtal við foreldra á aðlögunartímanum til að mynda tengsl.

Leiðir: Starfsfólk á deild barnsins gefur sig að foreldrum á aðlögunartímanum, segir frá hver vinnutíminn þeirra er hversu lengi þeir hafa unnið á deildinni. Leikskólastjóri fer inn á deildina á aðlögunartímanum og kynnir sig fyrir foreldrum.

Ábyrgð: Deildarstjórar og leikskólastjóri.

Tímarammi: Þegar aðlögun er í gangi

Mat: Í foreldrakönnun í mars 2025 verður spurt um þetta.

- Styrkja allt starfsfólk til að halda utan um samverustundir og eftir 6 mánuði í starfi sé fólk almennt farið að treysta sér til þess.

Leiðir: Á meðan fólk er að æfa sig geti það verið með fámenna hópa í samverustund. Deildarstjórar leggja sig fram um að gefa starfsfólki tækifæri til að hafa samverustundir, leiðbeini þeim og gefi þeim tíma til að undirbúa sig.

Ábyrgð: Aðstoðarleikskólastjóri.

Mat: Í viðhorfskönnun meðal starfsmanna að vori 2024.

Tímarammi: Allt skólaárið.

- Hlú að lýðræðislegum stjórnunarháttum og samvinnu.

Leið: Stuðningur og fræðsla við að efla lærdómssamfélag og teymisvinnu innan leikskólans sem byggir ofan á þróunarverkefnið sem var í gangi í fyrra. Stjórnendateymið fundar einu sinni á önn til að efla

traust innan hópsins og halda áfram að þróa samstarfið. Fræðsla til allra starfsmanna um teymisvinnu og lærdómssamfélag til að styrkja teymisvinnu á deildum.

Ábyrgð: Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri.

Tímarammi: Allt skólaárið.

Mat: Í viðhorfskönnun meðal starfsmanna að vori 2024.

- Fara inn í starfsárið 2023 – 2024 með öflugum hópefli til að byggja upp traust og samvinnu í starfsmannahópnum.

Leiðir: Á starfsmannafundi í september 2023 verður námskeið með áherslu á samvinnu og hópefli. Fá utanaðkomandi aðila til að sjá um námskeiðið.

Ábyrgð: Leikskólastjóri.

Tímarammi: September 2023.

Mat: Spurt um samstarf og samvinnu í viðhorfskönnun starfsmanna vor 2023

- Auka faglegt samtal í Marbakka og koma á reglulegum fagfundum.

Leiðir: Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri og sérkennslustjóri leggja fram tillögur að fagfundarskipulagi sem borin er undir deildastjórafund. Í samvinnu stjórnendateymisins verður mótuð leið.

Ábyrgð: Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri og sérkennslustjóri.

Tímarammi: Fagfundarform komið um miðjan október og byrjað að keyra eftir því.

Mat: Árangur mældur í talningu á fagfundum og spurt um gagnsemi í viðhorfskönnun starfsmanna vor 2023.

- Halda áfram að þróa matstofuna með það að markmiði að öllum geti liði vel í henni.

Leiðir: Minnka ráp í salnum þegar matartímar eru, passa það sé nóg leirtau á vögnum sem fara inn á yngri deildir, Starfsfólk takmarki sína umferð í gegnum salinn og viðbótarmatur sér á skenknum uppi í sal. Fræðsla til nýrra starfsmanna um matstofuna og verklagið þar.

Ábyrgð: Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri.

Tímarammi: Október.

Mat: Spurt í viðhorfskönnun meðal starfsmanna og barna vor 2023

- Halda áfram deildarfundum sérkennara og festa enn frekar í sessi.

Leiðir: Tímasetja fundina og þeir sem á fundina eiga að mæta fylgi skipulaginu eftir.

Ábyrgð: Sérkennslustjóri.

Tímarammi: Komið í skipulag 1. október 2023.

Mat: Sérkennslustjóri metur árangur að vori 2024.

- Setja reglulega samráðsfundi sérkennslustjóra með deildarstjórum með það að markmiði að bregðast fljótt við ef grunur er um frávik af einhverju tagi og hefja samstarf við foreldra. Hugmyndin er að þetta samráð eigi sér stað á fimm vikna fresti.

Leiðir: Skipuleggja fundina, tímasetja þá og ákveða röð deildanna. Þeir sem á fundina eiga að mæta fylgi skipulaginu eftir.

Ábyrgð: Sérkennslustjóri.

Tímarammi: Komið í skipulag 1. október 2023

Mat: Sérkennslustjóri metur árangur að vori 2024.